

Minnisblað

Dagsetning: 19.12.2023
Viðtakandi: Guðný Vala Þorsteinsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofu Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2023 – fuglar; mófuglar við Dettifossveg, mófuglar, vatnafuglar, vaðfuglar á fartíma og kríuvörp á Melrakkaslétu og strandfuglar utan varptíma á Tjörnesi.

Sumarið 2023 endurtók Náttúrustofan vöktun á mófuglum við Dettifossveg í Vatnajökulspjóðgarði og endurtók vöktun mófugla, vatnafugla og vaðfugla á fartíma á Melrakkaslétu. Einnig hóf stofan vöktun á strandfuglum utan varptíma á Tjörnesi og gerði þéttleikamælingar í hluta af þeim kríuvörpum sem voru kortlögð sumarið 2022. Þá taldi hún og kortlagði útbreiðslu skúms í Austursandi í Öxarfirði en það verkefni var hins vegar ekki á áætlun fyrr en sumarið 2024 og verður því ekki gerð skil í þessu minnisblaði. Sjá yfirlit yfir fuglaverkefni Náttúrustofu Norðausturlands innan vöktun náttúruverndarsvæða í 1. töflu og yfirlit yfir rannsóknasvæði á 1. mynd.

1. tafla. Vöktun náttúruverndarsvæða – yfirlit yfir fuglavöktunarverkefni Náttúrustofu Norðausturlands

Svæði	Tíðni vöktunar	Athugasemd
Flórgoði við Ástjörn	Árleg í þrjú ár	Hófst 2020 og lauk 2022 - ferðamannastaðir
Mófuglar við Dettifossveg	Þriðja hvert ár	Hófst 2020 - ferðamannastaðir
Fuglar í Jökulsárgljúfrum	Þriðja hvert ár	Hófst 2021 - ferðamannastaðir
Mófuglar á Melrakkaslétu	Árleg	Hófst 2020 – Tvö IPA snið
Vatnafuglar á Melrakkaslétu	Árleg	Hófst 2022
Vaðfuglar á fartíma á Melrakkaslétu	Árleg	Hófst 2022
Kríuvörp á Melrakkaslétu	Árleg	Hófst 2022 með kortlagningu, mælingar 2023
Strandfuglar utan varptíma á Tjörnesi	Árleg	Hófst 2023
Útbreiðsla skúms í Austursandi	Eitt skipti	Framkvæmt 2023, ári fyrr en áætlað var

Minnisblað þetta greinir frá framkvæmd verkefna er lúta að fuglavöktun sumarið 2023 (annarra en útbreiðsla skúms í Austursandi).

Framkvæmd 2023

Mófuglar við Dettifossveg

Talið var á 50 sniðum sem gengu hornrétt út frá Dettifossvegi milli Meiðavallaskógar og Vesturdals og 8 sniðum sunnan Vesturdals, alls 58 sniðum (1. mynd). Hvert snið var 500 m langt og hófst 25 metra frá miðlínu Dettifossvegar. Hverju sniði var skipt upp í 50 m langa búta. Fuglar voru taldir á hverjum búi í allt að 100 m fjarlægð frá sniðlínu á meðan athugandi gekk eftir sniðlínu. Sumarið 2020 var talið á 66 sniðum en af þeim reyndust 8 snið sunnan Vesturdals og austan vegar ónothæf vegna landslags og var þeim því sleppt nú. Talningar fóru fram dagana 12. – 14. júní 2023 og fóru þær fram á milli 8 og 17 líkt og sumarið 2020. Ekki skiptir máli hvenær dags einstök snið eru talin þar sem verið er að kanna breytingu á hlutfalli fugla innan sniða milli ára en ekki breytingu á fjölda milli ára. Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Rán Þórarinsdóttir, Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir og Snæþór Aðalsteinsson sáu um talningar.

Melrakkaslétta

Mófuglar

Talið var á tveimur IPA mófuglasniðum á Melrakkaslétu (1. mynd). Annað var talið 10. júní og hitt 14. júní. Pedro Rodrigues sá um báðar talningarnar sem voru gerðar með sömu aðferðafræði og hefðbundnar mófuglatalningar.

Vatnafuglar


Vatnafuglar voru taldir tvisvar sinnum. Vortalningar fóru fram 24. og 31. maí. Talning á fellitíma (ungatalning) fór fram 25. – 26. júlí. Pedro Rodrigues sá um báðar talningar. Talið var á 16 svæðum (14 árið 2022) en innan hvers svæðis eru nokkur vötn og tjarnir (1. mynd og 2. tafla). Nokkur vötn bættust við talningu frá 2022.

Vaðfuglar á fartíma

Vaðfuglar á fartíma voru taldir á 6 svæðum á Melrakkaslétu líkt og 2022. Talið var alls 20 sinnum (10 sinnum árið 2022) með 3 daga millibili á tímabilinu 2. maí – 28. júní (11. maí – 7. júní árið 2022). Svæðin ná frá Raufarhöfn og vestur fyrir Hraunhafnartanga (1. mynd og 3. tafla). Pedro Rodrigues sá um allar talningar.

Kríuvörp

Sumarið 2022 voru afmörkuð 26 kríuvörp á Melrakkaslétu (2. mynd og 4. tafla) og sumarið 2023 voru gerðar þéttleikamælingar í fjórum af þessum vörpum dagana 14. og 15. júní 2023. Þau voru á Hraunhafnartanga, við Blikalón, Oddsstaði og í Borgarnesi við Afaborg. Til stóð að gera einnig mælingar í Blikalónsey-ytri og Núpskötlu en ekki fékkst leyfi frá landeigendum. Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Rán Þórarinsdóttir, Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir og Snæþór Aðalsteinsson sáu um mælingar.



1. mynd. Vöktun náttúruverndarsvæða, fuglavöktunarsvæði Náttúrustofu Norðausturlands 2023.



Tjörnes

Strandfuglar utan varptíma

Strandfuglar voru taldir á Tjörnesi 27. febrúar 2023. Talið var frá ósum Laxár í Aðaldal að Húsavík og frá Eyvík norður að Knarrarbrekkutanga (1. mynd). Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson sáu um talningar.

2. tafla. Svæði og einstök vötn í talningum vatnafugla á Melrakkaslétu 2023.

Svæði	Vötn
Núpasveit	Klapparós, Núpsvatn, Presthólalón, Brekkutjörn, Snartastaðalækur
Kópasker	Kotatjörn, Klifatjörn
Leirhöfn	Leirhafnarvatn, Skálatjörn, Seltjarnir, Kollstjarnir
Grjótnesvegur	Brunavatn, Hrauntjarnir, Hávarðsvatn, Kílnestjarnir, Vogstjörn, Búrtjörn, Stekkshæðartjörn, Englandstjörn
Grjótnes	Kríutjarnir
Núpskatla	Kötluvatn
Oddsstaðir	Skerjalón, Langatjörn, Örfarartjörn, Suðurvatn, Fremrvatn
Sigurðarstaðir	Sigurðarstaðavatn
Blikalón	Blikalón, Brúsatjörn
Rif	Arnarvatn, Efra-Stangarvatn
Skinnalón	Illkelduvatn, Hestvatn, Æðarvötn, Ólafsvatn, Skinnalón, Hörgur
Hraunhafnartangi	Hraunhafnarvatn, Kaplatjörn
Harðbakur	Harðbaksvatn
Ásmundarstaðir	Hringlón, Ásmundarstaðavatn, Ásmundarstaðaey, Eggversvatn
Höskuldarnes	Heimatjörn, Nesvatn, Svarðmýrartjörn
Raufarhöfn	Kottjörn

3. tafla. Svæði og dagsetningar í talningum vaðfugla á fartíma á Melrakkaslétu 2023


Svæði	Dagsetningar
Hestatóftavík, Harðbaksvík, Ásmundarstaðavík,	2, 5, 8, 11, 14, 17, 20, 23, 26 og 29. maí
Neslón, Gegnisvík, Raufarhöfn	1, 4, 7, 10, 13, 16, 19, 22 og 28. júní.

4. tafla. Svæði, númer og stærð kortlagðara kríuvarpa.

Svæði	Nr. varps	~ Flatarmál m ²	Þéttleikamælt 2023
Borgarnes við Afaborg	MS-01	78.200	Já
Oddsstaðir	MS-02	122.000	Já
Oddsstaðaeyjar	MS-03	3.600	Nei
Sigurðarstaðavatn	MS-04	15.600	Nei
Borgartangi	MS-05	35.000	Nei
Mjóamöl	MS-06	19.300	Nei
Fálkaflúð	MS-07	34.900	Nei
Blikalón	MS-08	79.600	Já
Klappir	MS-09	28.000	Nei
Blikalónsey-syðri	MS-10	20.000	Nei
Blikalónsey-ytri	MS-11	190.500	Nei
Nátthagi	MS-12	5.400	Nei
Hraunhafnartangi/Harðbakur	MS-13	1.155.000	Já
Ósbakkar	MS-14	7.700	Nei
Staurþúfuholt við Ásmundarstaði	MS-15	64.600	Nei
Kirkjuhóll við Ásmundarstaði	MS-16	16.600	Nei
Eggversvatn	MS-17	5.400	Nei
Höskuldarnes	MS-18	5.700	Nei
Langatjörn	MS-19	2.600	Nei



Klifahorn	MS-20	5.000	Nei
Melrakkaás	MS-21	8.000	Nei
Klifahús	MS-22	7.400	Nei
Fenin	MS-23	55.000	Nei
Raufarhafnarhöfði	MS-24	50.600	Nei
Raufarhöfn	MS-25	75.700	Nei
Núpskatla	MS-26	799.900	Nei



2. mynd. Kríuvörp á Melrakkaslétta sem voru afmörkuð 2022 og þéttleikamæld 2023.

Úrvinnsla

Niðurstöður úr fuglavöktun hafa verið settar inn í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Staðsetning talningasvæða, afmörkun kríuvarpa og afmörkun talningasvæðis fyrir strandfugla hefur verið sett inn í landupplýsingakerfið Qgis en þau gögn má nálgast hjá Náttúrustofu Norðausturlands.